



## Fundur háskólaráðs 24. ágúst 2000

### Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jörunn Valdimarsdóttir

Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 24.08.2000 11:45:15

Dags: 24.08.2000

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

09/2000

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 24. ágúst var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

### 1. Bókuð erindi

- 1.1 Bréf frá Birnu G. Flygenring formanni stjórnar námsbrautar í hjúkrunarfræði þar sem óskað er eftir að 10 nemendum í stað 8 verði heimilað að hefja nám í ljósmóðurfræði haustið 2000. Rektor greindi frá því að hann hefði heimilað þetta milli funda í ráðinu.

### 2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagt fram bréf frá kjaranefnd, dags. 1. ágúst, þar sem tilkynnt er um þá ákvörðun nefndarinnar að breyta ákvörðun sinni frá 2.7.98 um launakjör prófessora, á þann veg, að í stað orðsins “kennsluyfirvinna” komi orðin “yfirvinnu fyrir kennslu, stjórnun og rannsóknir”.

### 3. Mál á dagskrá

- 3.1 Starfsskyldur prófessora. Kjaranefnd óskar eftir því, sbr. bréf 15. ágúst s.l., að háskólaráð upplýsi, hvort það sé ákvörðun þess að dómnefndarstörf séu hluti af starfsskyldum prófessora. Málið var rætt. Ákveðið að fá umsögn kennslumálanefndar og vísindanefndar fyrir næsta fund ráðsins.
- 3.2 Kynning á málefnum Háskólaútgáfunnar. Inn á fundinn komu Jörundur Guðmundsson, deildarstjóri Háskólaútgáfu og Jónas Elíasson, prófessor, formaður stjórnar útgáfunnar og gerðu grein fyrir starfsemi og rekstri útgáfunnar. Fyrir lá skýrsla um rekstur 1997-1999 ásamt rekstrarreikningi ársins 1999. Jafnframt reifuðu þeir tillögur um framtíðarskipan útgáfumála. Málefni útgáfunnar voru rædd vítt og breitt og svöruðu þeir, Jörundur og Jónas, fyrirspurnum ráðsins. Frestað að taka afstöðu til tillagnanna.
- 3.3 Fundir og verkefni háskólaráðs á komandi haustmisseri. Farið var yfir drög rektors, dags. 24. ágúst. Ákveðið að miða við fram lagða áætlun.

### 4. Önnur mál

- 4.1 Samningur um fjármögnun rannsókna í Háskóla Íslands. Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs kom á fundinn og gerði grein fyrir stöðu mála

við samningsgerðina. Fyrir lá minnisblað Ingjalds, dags. 24. ágúst 2000, sem hann skýrði.

Málið var rætt og m.a. hvernig standa beri að kynningu á þeim aðferðum sem liggja samningagerðinni til grundvallar og þeirri rökvísi sem beitt er. Ingjaldur svaraði fyrirspurnum sem fram komu.

#### 4.2 Um nám í arkitektúr.

Fyrir lágu drög að bréfi rektors til menntamálaráðherra þar sem ítrekuð er ósk Háskólans um viðræður við ráðuneytið um nám í arkitektúr og fjármögnun þess. Efni bréfsins var samþykkt.

#### 4.3 Laun fulltrúa í háskólaráði.

Ráðið samþykkti að fela rektor að ákveða laun fulltrúa í háskólaráði.

Næsti fundur ráðsins verður 14. september n.k.

Í lok fundarins þökkðu þær Berglind Hallgrímsdóttir og Fanney Karlsdóttir fulltrúum í háskólaráði fyrri samstarfið á liðnu tímabili, en þær hverfa nú úr ráðinu. Hið sama gerði Pétur Pétursson, sem verið hefur varamaður, en er það ekki lengur. Rektor og aðrir ráðsmenn þökkðu þeim samvinnuna og óskuðu þeim góðs gengis.

Fleira ekki gert  
Fundi slitið kl. 15:55